

Kvennafrí 2016

KJARAJAFNRÉTTI STRAX!





Mynd: Arnþór Birgisson

KVENNAFRÍ 2016

24. OKTÓBER 2016 VAR HALDINN BARÁTTUFUNDUR Á
AUSTURVELLI UNDIR YFIRSKRIFTINNI „KJARAJAFNRÉTTI STRAX“.

Að fundinum stóðu samtök launafólks og samtök kvenna á Íslandi.

Samstöðufundir voru haldnir á 19 stöðum á landinu til viðbótar, Akureyri, Bolungarvík, Borgarnesi, Djúpavogi, Egilsstöðum, Grindavík, Grundarfirði, Hellu, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum, Vopnafirði og Ölfusi.

Hvatti fundurinn konur til að leggja niður vinnu kl. 14:38 og mótmæla þar með kjaramun kynjanna á Íslandi.

Var þetta í fimmta skipti sem konur á Íslandi mótmæltu mun á launum og kjörum kynjanna með þessum hætti, en kvennafrí voru einnig boðuð 1975, 1985, 2005 og 2010.

Tímasetning fundarins 14:38 var reiknuð út frá upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Miðað var við tölur Hagstofunnar frá 2014, þar sem tölur frá 2015 birtust ekki fyrr en í nóvember 2016.

Meðalatvinnutekjur kvenna voru árið 2014 70,3% af meðalatvinnutekjum karla. Samkvæmt útreikningi eru konur því með 29,7% lægri meðaltal atvinnutekna, hlutfall af 8 klukkustundum eru 5 klukkustundir 38 mínútur og ef vinnudagur hefst kl. 9:00, þá hætta konur að fá greitt fyrir vinnuframlag sitt kl. 14:38.

KVENNAFRÍ 1975, 1985, 2005 OG 2010

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði áratuginn 1975 til 1985 málefnum kvenna. Í tilefni þess tóku kvennasamtök, kvenfélög og stéttarfélög sig saman 1975 og skipulögðu dag þar sem konur lögðu niður vinnu til að leggja áherslu á mikilvægi vinnuframlags kvenna á Íslandi. Var 24. október valinn, en það er dagur Sameinuðu þjóðanna. Talið er að 90% kvenna á Íslandi hafi lagt niður vinnu þann dag og um 25.000 konur söfnuðust saman á útifundi á Lækjartorgi í einum fjölmennasta útifundi Íslandssögunnar. Konur söfnuðust einnig saman víða um land til að leggja áherslu á mikilvægt vinnuframlags kvenna. Kvennafrídagurinn 1975 vakti gríðarlega athygli erlendis og hefur öðlast sess í sögu alþjóðlegrar kvenréttindabaráttu.

Árið 1985 mörkuðu íslensk kvennasamtök og verkalyðshreyfingin endalok áratugs kvenna með því að boða aftur samstöðufund á Lækjartorgi þann 24. október undir yfirskriftinni „Konur stöndum saman“. Konur voru ekki sérstaklega hvattar til að leggja niður vinnu, en fundurinn var boðaður kl. 14:00 á meðan vinnutíma stóð. Talið er að um 18.000 konur hafi sótt þennan samstöðufund.

Árið 2005 var haldið upp á kvennafrí í þriðja skipti þann 24. október, undir yfirskriftinni „Konur höfum hátt“. Konur voru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14:08 og kröfuganga boðuð frá Skólavörðuholti niður á Ingólfstorg. Var tímasetning verkfallsins reiknuð út frá mun á heildarlaunum kynjanna. Um 50.000 manns söfnuðust saman í miðbænum á meðan útifundinum stóð og fundir voru einnig haldnir víða um land.

Árið 2010 var haldið upp á kvennafrí í fjórða sinn, og konur þá hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14:25 þann 25. október. Var boðað til kvennafrís einum degi seinna en áður hafði verið þar sem 24. október bar upp á sunnudag. Tímasetning verkfallsins var reiknuð út frá þeirri staðreynd að konur höfðu 65,65% af heildarlaunum karla. Að fundinum stóðu regnhlífarsamtök kvenna, Skotturnar, og einnig átta samtök launafólks aðild að fundinum. Gengið var í kröfugöngu frá Skólavörðuholti niður að Arnarhóli þar sem haldinn var fundur undir yfirskriftinni „Já! – ég þori, get og vil“ og var sjónum fundarins beint að kynferðisofbeldi. Áætlað er að um 50.000 manns hafi sótt fundinn.

4



Kvennafrí 1975. Mynd: Kvennasögusafn Íslands

AÐSTANDENDUR



Mynd: Arnþór Birkisson

SAMTÖK LAUNAFÓLKS

Alþýðusamband Íslands
BSRB
Bandalag háskólamanna
Kennarasamband Íslands
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

SAMTÖK KVENNA

Aflið
Bandalag kvenna í Reykjavík
Briet – félag ungra feminista
Delta Kappa Gamma
Druslubækur og doðrantar
Druslugangan
Dziewuchy Dziewuchom Islandia – Konur konum Ísland
Í kjölfar Brietar
Jafnréttisfélag Háskólans í Reykjavík
Feministafélag Háskóla Íslands
Feministafélag Íslands
Félag kvenna í atvinnulífinu

Félag kvenna í vísindum
Kitón – Konur í tónlist
Knúz.is
Kvenfélagasamband Íslands
Kvennahreyfing Samfylkingarinnar
Kvennahreyfing Viðreisnar
Kvennahreyfing ÖBÍ
Kvennaráðgjöfin
Kvenréttindafélag Íslands
Landssamband Framsóknarkvenna
Landssamband Sjálfstæðiskvenna
Rótin
W.O.M.E.N. in Iceland
Samtök um kvennaathvarf
Samtökin '78
Soroptimistasamband Íslands
Sólstafir
Stígamót
Tabú
UNWomen
WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi
Zontasamband Íslands

UNDIRBÚNINGUR



Mynd: Lárus Karl Ingason

6 Fulltrúar frá samtökum launafólks og samtökum kvenna mættu á fund á Hallveigarstöðum í Reykjavík 30. september 2016 þar sem ákveðið var að boða til mótmæla á kvennafrídeginum 24. október þá um haustið. Á fundinn mættu fulltrúar frá ASÍ, Feministafélagi HÍ, Jafnréttisstofu, KÍ, Knúzinu, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu, VR, SSF og Stígamótum.

Var fundurinn sammála um að þrátt fyrir að fyrirvari væri stuttur, væri mikilvægt að halda baráttufund á þessum degi til að leggja áherslu á það misrétti

sem fælist í launamun kynjanna, þar sem gengið væri til alþingiskosninga 29. október 2016. Var ákveðið að boða til samstöðufundar á Austurvelli undir yfirskriftinni „Kjarajafnrétti strax!“ og að myllumerki fundarins á samfélagsmiðlum væri #kvennafrí og #jöfnkjör.

7. október var haldinn annar fundur þar sem undirbúningsaðilar staðfestu þátttöku sína og fjárhagsaðkomu. Kvenréttindafélagi Íslands var veitt umboð til að leita til fleiri kvennasamtaka til að standa á bak við baráttufundinn. Einnig var ákveðið að skrifa yfirlýsingu fundarins.

Sérstakur vinnuhópur var skipaður og veitt umboð til sjá um dagskrá og undirbúning fundarins: Marianna Traustadóttir hjá ASÍ sem hafði yfirumsjón með undirbúningi og fjármálum fundarins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Friða Rós Valdimarsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Sonja Ýr Þorbergsdóttir frá BSRB. Linda Giozza, starfsnemi hjá Kvenréttindafélaginu, var vinnuhóp innan handar.

Stofnaður var sérstakur Facebookhópur fyrir undirbúningsaðila og átti stýrihópur í miklum og góðum samskiptum þar. Því fundaði stýrihópurinn einungis þrisvar sinnum í aðdraganda Kvennafrís 2016, þann 30. september, 7. október og 17. október þegar fundað var með fundarstjóra baráttufundarins á Austurvelli, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur leikkonu.

FJÁRMÁL

Styrkir:

Samtök launafólks	2.100.000
Kvannahreyfingin og frjáls félagasamtök	260.000
Jafnréttisráð	500.000

Kostnaður:

Samfélagsmiðlar, prentun, auglýsingar	1.119.396
Hljóðkerfi, svið, o.s.frv.	1.389.786
Myndir, kvikmyndun, eftirvinna	350.818
2.860.000	2.860.000

YFIRLÝSING FUNDARINS Á AUSTURVELLI

Eftirfarandi yfirlýsing fundarins var samþykkt af öllum undirbúningsaðilum.

Kjarajafnrétti STRAX!

Þann 24. október árið 1975 lögðu konur um allt land niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Kvennafrídagurinn vakti verðskuldaða athygli um allan heim.

Árið 1985 var haldið upp á kvennafrídaginn í annað sinn og aftur lögðu 25.000 konur niður vinnu.

Árið 2005 héldum við upp á kvennafrídaginn í þriðja sinn, og konur gengu í tugþúsundatali út af vinnustað á þeirri mínútu þegar þær hættu að fá borgað fyrir störf sín miðað við karla, kl. 14:08.

Árið 2010 gengu konur út kl. 14:25. Nú ganga konur út kl. 14:38. Við höfum þokast áfram um hálf tíma á ellefu árum. Tæplega þrjár mínútur á hverju ári. Með þessu áframhaldi þurfum við að biða í 52 ár eftir að konur fái sömu laun og sömu kjör og karlar. Það er óþolandi!

Atvinnutekjur kvenna eru að meðaltali 70,3% af atvinnutekjum karla. Störf kvenna eru gróflega vanmetin, vinnumarkaðurinn er kynskiptur, kvennastéttir eru lágt launaðar og launamisrétti fyrirfinnst víða. Konur eru enn í minnihluta í sveitarstjórnnum og á Alþingi. Það á líka við í flestum nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Karlar ráða ferðinni í stjórnnum flestra fyrirtækja í atvinnulífnum og minnihluti framkvæmdastjóra eru konur.

Konur mæta margs konar fordómum á vinnumarkaði. Þær eru hlutgerðar og kynferðisleg áreitni viðgengst of víða. Sífellt ber meira á aldursfordómum í garð kvenna. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf, taka langt fæðingarorlof eða hverfa af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum.

Mörg ný málefni hafa komist á dagskrá í jafnréttisbaráttunni, svo sem ofbeldi gegn konum og samtvinnun misréttis. Margvísleg lög hafa verið sett til að tryggja jafnrétti kynjanna, en lagasetningin ein dugar ekki til að breyta þeirri menningu sem ríkir í samfélaginu. Enn er því verk að vinna.

Á slíkum tímum er samstaða sterkasta vopnið. Konur og karlar sem styðja og vinna að jafnrétti kynjanna þurfa að halda vöku sinni, standa saman og sækja fram. Við verðum að útrýma launamisrétti og tryggja jafnrétti kvenna og karla til starfa. Við þurfum að tryggja stöðu og bæta kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, lítarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun. Við þurfum að lengja og bæta fæðingarorlofið, vinna gegn kynskiptu náms- og starfsvali og breyta heftandi staðalmyndum kynjanna. Við verðum að auka völd kvenna í atvinnulífnum og í stjórnámum og fjölga konum í Hæstarétti. Við þurfum að uppræta ofbeldi gegn konum, sem hefur hamlandi áhrif á samfélagsþátttöku kvenna. Við þurfum að tryggja kjarajafnrétti strax!

Kröfur okkar eru:

- Jöfn kjör og jöfn laun STRAX
- Tryggjum stöðu kvenna og bætum kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, lítarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun
- Lengjum og bætum fæðingarorlofskerfið
- Upprætum staðalmyndir kynjanna og kynskiptingu vinnumarkaðar
- Aukum völd kvenna í atvinnulífnum og í stjórnámum og fjölgum konum í Hæstarétti
- Upprætum ofbeldi gegn konum

KYNNINGARMÁL



Matthildur Jónsdóttir vinnur í heimathjonustu hjá #akureyri. Hér í vinnunni hjá 84 ára viðskiptavini. #kvennafri #kvennafridayagur #jöfnkjör



Heimilislæknirinn Björg Ólafsdóttir hjá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Sinnir sjúklingum af fagmennsku og ljúfmennsku alla daga. #kvennafri #jöfnkjör #kvennafridayagur #akureyri

8

Vef- og samfélagsmiðlar

Fyrirtækið WEBmom.eu í eigu Mariönnu Friðjónsdóttur var fengið til þess að sjá um kynningu á Kvennafri 2016 á vefmiðlum.

Marianna setti upp og hafði yfirumsjón með vefsíðunni: www.kvennafri.is. Á síðunni birtust upplýsingar um boðaða samstöðufundi sem og yfirlit yfir sögu kvennafris á Íslandi sem skrifuð var af Rakel Adolfsdóttur forstöðumanni Kvennasögusafns Íslands.

Einnig voru stofnaðar síður á helstu samfélagsmiðlum: [facebook.com/kvennafri](https://www.facebook.com/kvennafri), twitter.com/kvennafri og [instagram.com/kvennafri](https://www.instagram.com/kvennafri) og skipulagði Marianna herferðir á þeim miðlum til að vekja athygli á kvennafriinu, t.a.m. herferð þar sem konur voru hvattar til að deila myndir af sér við störf á samfélagsmiðlum merkt myllumerkinu #kvennafri og #jöfnkjör, og herferð þar sem konur

og karlar birtu myndir af sér þar sem þau héldu á auglýsingu kvennafrisins.

Undirbúningsaðilar voru einnig umsjónaraðilar samfélagsmiðla, þá sérstaklega Facebook. Í upphafi voru birtar á Facebooksíðunni upplýsingar um launamun kynjanna, s.s. niðurstöður launarannsóknna og aðrar upplýsingar sem birst hafa í fjölmiðlum. Þá tóku við auglýsingar um fundinn sjálfan, m.a. myndir af frægu fólki og starfsstéttum, s.s. lögreglukonum, sem héldu á auglýsingaskilti um Kvennafrið og hvöttu konur til að ganga út. Einnig voru birt þrjú myndbönd um kvennafri úr sjónvarpsþættinum *Öldinni hennar* sem voru til sýningar á RÚV. Þessum auglýsingum og myndböndum var mikið deilt og virkuðu best til að kynna Kvennafrið 2016, ásamt viðburðarsíðu Facebook um útifundinn á Austurvelli. Jafnframt

voru birtar á Facebooksiðunni blaðaumfjallanir og viðtöl um Kvinnafri 2016 og í kjölfar fundar voru birtar myndir af fundinum og umfjöllun fjölmiðla.

Lagt var upp með leik á Instagram og Facebook þar sem fólk var hvatt til að deila endurminningu af fyrri þátttöku í kvinnafriinu, en undirtektir voru ekki miklar. Þá var fólk hvatt til að skipta um prófilmynd og borða á Facebooksiðum sínum og setja inn merki Kvinnafris 2016, og gekk það ágætlega.

Leitað var til Feministafélags HÍ til að hafa sérstaka umsjón með Twittersíðu og Snapchat aðgangi Kvinnafris. Hvorki Instagramsíða né Snapchat aðgangur Kvinnafrisins vakti mikla athygli.

Vinnuhópur sendi leiðbeiningar til félagasamtakanna sem stóðu á bak við baráttufundinn á Austurvelli hvernig bæri að deila upplýsingum til félagsmanna og kynna kvinnafriið á samfélagsmiðlum sínum. Einnig voru félög úti á landi hvött til þess að standa að samstöðufundum í sínu sveitarfélagi.

Þá sendi Kennarasamband Ísland sérstaka hvatningu til viðsemjenda sinna um að konum yrði gert kleift að ganga út kl. 14:38 og brugðust nokkur

Almenningur var hvattur til að skipta um prófilmynd á samfélagsmiðlum.

14:38

sveitarfélög með því, s.s. með lokun leikskóla eða hvatningu um að foreldrar myndu sækja börn sín fyrr í leik-, grunn-, og tónlistarskóla.

Þann 24. október fengu undirbúningsaðilar aðgang að Nova-snappinu, Snapchat aðgangi fjarskiptafyrirtækisins Nova, sem hefur tæplega 50.000 áskrifendur. Dagskráin var skipulögð af vinnuhópi Kvinnafris 2016, Feministafélagi HÍ og Jafnréttisfélagi HR og lögðu meðal annars Snjólaug Lúðvíksdóttir grínisti, Tobba Marínós fjölmiðlakona, Ólafía Hrönn leikkona, Páll Óskar söngvari og þekktir snapparar kvinnafriinu lið í dagskránni sem hófst klukkan átta að morgni og lauk skömmu eftir fundinn á Austurvelli.



Jóhanna Sigurðardóttir og Jónína Leósdóttir Ragnheiður Gísladóttir

Fjölmiðlar

Fulltrúar undirbúningshópsins mættu í fjölda viðtala í fjölmiðlum í aðdraganda Kvennafrís 2016 til að vekja athygli á því. Tæplega tveimur vikum fyrir fund var gerð sérstök fjölmiðla- og kynningaráætlun sem gekk afar vel. Fréttatilkynning var send á alla fjölmiðla 17. október. Í upphafi var ákveðið að einn tengiliður yrði við fjölmiðla sem hefði jafnframt yfirumsjón með því hverjir innan hópsins færu í viðtöl og tókst vel til að dreifa þeim á fulltrúa hinna fjölmörgu samtaka sem stóðu að fundinum.

Sérstaka athygli vakti útreikningur undirbúningshóps í fréttatilkynningu þar sem þróun til launajafnréttis var útskýrð á mannamáli og launapróun útskýrð í mínútufjölda.

Í fréttatilkynningunni sagði: „Nú göngum við út klukkan 14:38. Við höfum grætt hálf tíma á ellefu árum. Tæplega þrjár mínútur á hverju ári. Með þessu áframhaldi þurfum við að biða í 52 ár eftir að hafa sömu laun og sömu kjör og karlar, til ársins 2068.“

Lögð var sérstök áhersla á að ná til kvenna á Íslandi sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Fréttatilkynning var send út á ensku á alla miðla og birtist á íslenskum miðlum á ensku, s.s. *Iceland Monitor*, *IceNews* og *Reykjavik Grapevine*, og var einnig þýdd á pólsku og birtist á *Iceland News Polska*, fréttamiðli fyrir Pólverja á Íslandi.

Kvennafríð var forsiðufrétt á tveimur stærstu dagblöðum landsins, *Fréttablaðinu* og *Morgunblaðinu* bæði 24. október og 25. október.

10



Auglýsingar

Leitað var til Inga Kristjáns Sigurmarssonar til að sjá um grafíska hönnun fyrir Kvinnafri 2016. Ingi Kristján hannaði merki kvinnafrisins, borða fyrir samfélagsmiðla, prentaðan auglýsingamiða sem var dreift á höfuðborgarsvæðinu í 11.000 eintökum, auglýsingu sem birtist á á forsiðu *Fréttablaðsins* þann 24. október, og borða sem var hengdur yfir sviðið á baráttufundinum á Austurvelli.

KVENNAFRÍ
14:38 - 24.10.16 ♀♀♀!!!

Konur eru hvattar til að leggja niður vinnu kl. **14:38** mánudaginn **24.** október og fylkja liði á samstöðufund á Austurvelli, kl. **15:15.**

Meðal atvinnutekjur kvenna eru

Skiltagerð

Kvenréttindafélag Íslands skipulagði tvo opna undirbúningsfundi á Hallveigarstöðum þar sem konur voru hvattar til að mæta og mála kröfuskilti fyrir baráttufundinn, sunnudagana 16. október og 23. október. Voru fundirnir vel sóttir og tæplega 200 skilti voru gerð til að dreifa meðal fundargesta. Vöktu fundirnir einnig athygli fjölmiðla, en 23. október mættu blaðamenn á fundinn og birt voru fréttaskot í kvöldfréttum Stöðvar 2 þá um kvöldið. Einnig mættu ljósmyndarar frá *Fréttablaðinu* og *Morgunblaðinu*, sem gerði það að verkum að forsiðumynd beggja blaðanna 24. október sjálfan voru frá skiltagerðinni og auglýstu þar með baráttufundinn á Austurvelli.



11

KONUR!
GÖNGUM ÚT KL. 14:38
MÁNUDAGINN 24. OKT!

FUNDUR HEFST Á AUSTURVELLI KL. 15:15
#KVENNAFRÍ #JÖFNKJÖR

**KJARAÐAFNRÉTTI
STRAXI!**

BARÁTTUFUNDIR 24. OKTÓBER 2016



Mynd: Lærus Karl Ingason

UNDIRBÚNINGSHÓPUR HVATTI KONUR ÚT UM ALLT LAND TIL AÐ LEGGJA NIÐUR VINNU KL. 14:38 ÞANN 24. OKTÓBER, EN SKIPULAGÐI EINUNGIS BARÁTTUFUND Á AUSTURVELLI. Á SAMFÉLAGSMIÐLUM KONUR HINS VEGAR EINDREGIÐ HVATTAR TIL AÐ BOÐA TIL SAMSTÖÐUFUNDA Í EIGIN SVEITARFÉLÖGUM.

VIÐBRÖGÐ VORU VONUM FRAMAR OG TÓKU KONUR Í A.M.K. 19 SVEITARFÉLÖGUM UTAN REYKJAVÍKUR SIG TIL OG BOÐUÐU TIL SAMSTÖÐUFUNDAR Á ÞESSUM DEGI.

UNDIRBÚNINGSHÓPUR FÉKK TILKYNNINGU UM FLESTA ÞESSARA FUNDA OG AUGLÝSTI Á VEFSÍÐU SINNI OG FACEBOOKSÍÐU, EN FÉKK FREGNIR AF ÖÐRUM FUNDUM Á SAMFÉLAGSMIÐLUM OG FJÖLMIÐLUM EFTIR AÐ DEGI LAUK. LÍKLEGT ER AÐ BLÁSIÐ HAFI VERIÐ TIL FUNDA Í ÖÐRUM SVEITARFÉLÖGUM EN ÞESSUM 20 SEM HÉR ERU UPPTALIN, ÞÓ EKKI SÉ HÆGT AÐ STAÐFESTA ÞAÐ.

REYKJAVÍK

Boðað var til baráttufundar á Austurvelli kl. 15:15.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir leikkonur stýrðu fundi.

Kynslóðir kvenna ávörpuðu fundinn:

- ◆ Guðrún Ágústsdóttir einn af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar
- ◆ Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM
- ◆ Una Torfadóttir ungur feministi
- ◆ Justyna Grosel blaðamaður.

Fram komu einnig hljómsveitin Eva, Brynhildur Björnsdóttir söngkona og Aðalheiður Þorsteinsdóttir, og Ellen Kristjánsdóttir og dætur. Lóa Bergsveinsdóttir stýrði takti.

Ríkisútvarpið streymdi fundinum í beinni útsendingu á vef sínum.

Lárus Karl Ingason tók ljósmyndir af viðburðinum fyrir hönd undirbúningsnefndar Kvennafrís 2016, og voru ljósmyndirnar teknar með þeim skilmálum að frjáls afnot væru af þeim til félagsmála til frambúðar. Einnig tók myndir Arnþór Birkisson fyrir hönd BSRB. Lea Ævarsdóttir og Steinunn Ýr Einarsdóttir sáu um kvikmyndatöku fyrir hönd undirbúningsnefndar á fundinum, en til stendur að vinna stiklu til að minnast fundarins.

Erfitt er að gera sér grein fyrir hve margir sóttu baráttufundinn á Austurvelli þar sem engin formleg talning var í gangi, en ljósmyndir sem teknar voru af viðburðinum benda til þess að 15.000–20.000 gestir hafi sótt fundinn.



Mynd: Lárus Karl Ingason



Mynd: Lárus Karl Ingason



Mynd: Lárus Karl Ingason



Akureyri

AKUREYRI

Stéttarfélögin við Eyjafjörð boðuðu til samstöðufundar á Ráðhústorgi kl. 14:38 þar sem hljómsveitin Herðubreið kom fram. Um 1900 manns sóttu fundinn.

Daginn eftir var haldinn annar samstöðufundur á Ráðhústorginu, sá skipulagður af nemendum í MA og Feministafélagi MA. Þar sem haustfrí var í skólum 24. október fengu konur í skólum bæjarins ekki tækifæri til að standa upp frá vinnu og námi. Því voru konur í MA og VMA hvattar til að endurtaka kvennafrið kl. 9:30 25. október. Nokkur hundruð ungar konur gengu út úr skólunum og mótmæltu á Ráðhústorgi.



Akureyri

BOLUNGARVÍK

Baráttufundur var haldinn í Félagsheimilinu kl. 14:50, þar sem sýnt var í beinni útsendingu frá fundinum á Austurvelli.

BORGARNES

Stéttarfélag Vesturlands hvatti konur í Borgarnesi til að leggja niður störf og opnaði hús sitt til baráttufundar á kvennafriðeginum. Sýnt var beint frá fundinum á Austurvelli og boðið upp á kaffi. Húsfylli var, eða um 70 konur.

DJÚPAVOGUR

Konur á Djúpavogi stóðu fyrir samstöðufundi á Bjargstúni í tilefni af kvennafriðeginum og þaðan gengu þær svo til kaffisamsætis á Hótel Framtíð.



Djúpvogur

EGILSSTAÐIR

Konur á Egilsstöðum hittust í Tjarnargarðinum kl. 15. Valaskjálfr og Café Nilsen buðu upp á veitingar á fundinum.

GRINDAVÍK

Skólastofnanir bæjarins lokuðu kl. 14:00 og samstöðuganga hófst frá Grunnskóla Grindavíkur kl. 14:38 sem endaði á Salthúsinu.



Egilsstaðir

GRUNDARFJÖRÐUR

Fundur var boðaður á Grundarfirði kl. 14:38.

HELLA

Baráttufundur var haldinn á Stracta hóteli þar sem boðið var upp á kaffi. Rúmlega 120 konur mættu á fundinn.

HÚSAVÍK

Um 80 konur komu í létt spjall og kaffi á Skrifstofu stéttarfélaganna í tilefni kvennafridagsins, en þær lögðu niður vinnu kl. 14:38.



Grundarfjörður



Húsavík



Höfn í Hornafirði

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Konur á Höfn voru hvattar til að hittast kl. 14:40 við AFL húsið og ganga fylktu liði á baráttufund á Hótel Höfn sem hófst kl. 15:15. Rúmlega 100 konur mættu í gönguna og fleiri á fundinn.

ÍSAFJÖRÐUR

Í kjölfar Brietar stóð fyrir samstöðufundi á Silfurtorgi kl. 15:00.

NESKAUPSTAÐUR

Samstöðufundur var haldinn á Hildibrand. 100 konur mættu á fundinn, sem er mjög stór hluti fullorðinna kona búsettra á Neskaupstað.

PATREKSFJÖRÐUR

Þjóðgerður stóð fyrir samstöðufundi fyrir konur í Vesturbyggð á Heimsenda kl. 15:00. Boðið var upp á kaffi og vöflur.

REYKJANESBÆR

Tæplega 150 konur í Reykjanesbæ komu saman í Ráðhúsi bæjarins og fylgdust með dagskránni á Austurvelli á stórum skjá.



Ísafjörður



Reykjanesbær

SAUÐÁRKROKUR

Kvenkyns nemendur og starfsfólk Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki lögðu niður vinnu kl. 14:38 og hvöttu aðrar konur að gera hið sama. Safnast var saman við grjótvörðuna milli bóknáms- og verknámshúsa skólans, gengið niður að Kirkjutorgi og til baka, og endað í heimavist skólans þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti.



Seyðisfjörður

SEYÐISFJÖRÐUR

Skólafólk á Seyðisfirði boðaði til samstöðufundar á Sólveigartorgi kl. 15 á kvennafrídeginum og hvatti Seyðfirðinga til að fjölmenna. Fundurinn var táknrænn gjörningur og engin ræðuhöld voru boðuð.



Vestmannaeyjar

VESTMANNAEYJAR

Boðað var til samstöðufundar með litlum fyrirvara og var mæting góð.

VOPNAFJÖRÐUR

Konur boðuðu samstöðufund í Kaupfangskaffi kl. 14:38.

ÖLFUS

Konur í Ölfusi söfnuðust saman á Ráðhústorginu í Þorlákshöfn kl. 14:50 og gengu um bæinn með viðkomu í Skrúðgarðinum, minnisvarða um verk kvenna í bænum. Göngunni lauk á Meitlinum/ Café Sól.



Vopnafjörður

KVENNAFRÍ – MIKILVÆGT BÆÐI FYRIR KJARABARÁTTUNA OG KVENNABARÁTTUNA



Mynd: Arnþór Birgisson

18

Baráttufundirnir sem haldnir voru 24. október 2016 vöktu mikla athygli bæði hér á landi sem og erlendis. Fjallað var um kvennafrið á öllum helstu fjölmiðlum hér á landi, prentmiðlum, ljósvakamiðlum og vefmiðlum, og næstu daga og vikur eftir fundina birtust fjölda fréttu um kvennafrið í erlendum netmiðlum.

Hagstofa Íslands sendi frá sér nýjar tölur um atvinnutekjur kynjanna 24. október 2016 sem sýndu fram á nauðsyn þess að halda til streitu baráttunnar gegn kjaramisrétti kynjanna. Þar kom í ljós að lítið hafði breyst milli árunna 2014 og 2015 þegar meðalatvinnutekjur kvenna og karla voru bornar

saman. Konur voru enn með tæplega 30% lægri atvinnutekjur en karlar þegar lítið er á allar tekjur af atvinnu án tillits til vinnutíma (Hagstofa.is, „Konur með tæplega 30% lægri meðaltekjur af atvinnu en karlar árið 2015“, 24.10.2016).

Í kjölfar fundanna sendi *Morgunblaðið* fyrirspurn til allra stjórnmalaflokka sem þá voru í framboði til Alþingis og mældust með yfir 5% fylgi í skoðanakönnunum. Spurt var annars vegar til hvaða aðgerða stjórnmalaflokkarnir vildu grípa til þess að taka á kynbundnum launamun og hins vegar hvenær þeir gerðu ráð fyrir að hann heyrði sögunni til. Allir flokkarnir voru samstiga um að vilja eyða

kynbundnum launamun, en voru þó ósammála með hvaða hætti eigi að ná því markmiði (*Mbl.is*, „Vilja eyða kynbundnum launamun“, 28.10.2016).

Mótmælin vöktu einnig gífurlega athygli erlendra fjölmiðla. Erlend athygli magnaðist sérstaklega í kjölfar útgáfu skýrslu Alþjóðaeftahagsráðsins um stöðu kynjafnréttis í heiminum (*World Economic Forum, The Global Gender Gap Report 2016*) sem birtist 26. október 2016, aðeins tveimur dögum eftir kvennafrið, en í henni kom í ljós að Ísland var það land þar sem kynjabilið er sem minnst. Vakti það athygli fjölmiðla að konur í þessu landi sem stendur sig svo vel í jafnréttismálum á alþjóðamælikvarða skyldu hafa mótmælt kjaramisrétti skömmu áður. Í skýrslunni birtist einnig útreikningur á því hvenær launajafnrétti kynjanna verði náð. Líkt og á Íslandi, hefur hægt á þróuninni í átt til launajafnréttis á alþjóðavísu. Árið 2015 reiknaði ráðið svo að 112 ár tæki að eyða mismuninum. Í skýrslunni 2016 segir að með sama áframhaldi taki það 170 ár að eyða þessum launamun.

Greinar á netmiðlum birtust m.a. í **Argentínu** (t.d. *La Nacion, Todo Noticias, Notas*), **Bandaríkjunum** (t.d. *The New York Daily News, The New York Magazine, The New York Times, Upworthy, The Atlantic, The Mary Sue, Buzzfeed*), **Bosníu og Hersegóvínu** (t.d. *Radio Sarajevo*), **Bretlandi** (t.d. *The Independent, The Guardian, ITV News, Channel 4 News*), **Frakklandi** (t.d. *Le Monde, Ouest France, Marie Claire, TV 5 Monde*), **Grikklandi** (t.d. *CNN Greece, Naftemporiki.gr*), **Indlandi** (t.d. *The Times of India, YourStory*), **Ítalíu** (t.d. *La Repubblica, Il Messaggero, Il Post.it*), **Lettlandi** (t.d. *Delfi*), **Mexíkó** (t.d. *Konbini*), **Norðurlöndum** (t.d. *Arbeidsliv i Norden, Fri Fagbevegelse, HK nytt, ABC nyheter, Elle, Femina, KIT, Sveriges Kvinnolobby*), **Portúgal** (t.d. *Mundo Ao Minuto*), **Póllandi** (t.d. *Tok FM, TVN24*), **Rúmeníu** (t.d. *Telegraf Online*), **Serbíu** (t.d. *Bg2, Blic*), **Slóvakíu** (t.d. *Ženy v meste*), **Spáni** (t.d. *Entorno Inteligente, MujerHoy, Playground Madazine, La Izquierda diario*), **Sviss** (t.d. *Ticino Online, Tio*), **Tyrklandi** (t.d. *Onedio, Sputnik News*), **Úrugvæ** (t.d. *Montevideo*), **Quatar** (t.d. *Al Jazeera English*) og **Þýskalandi** (t.d. *Deutsche Welle*).

Kvennafrið hefur skapað sér sess í íslensku samfélagi. Kvennafrið 1975 er oft talið marka eitt mikilvægasta spor í sögu íslenskrar kvenfrelsisbaráttu, þegar konur á Íslandi sýndu svo eftir var tekið samstöðu sína og einurð í að krefjast jafnréttis. Sú staðreynd að konur á Íslandi hafi gengið út af vinnustöðum sínum, ekki aðeins einu sinni heldur fimm sinnum, til að krefjast jafnréttis og jafnra kjara er ómetanleg bæði í kvennabaráttunni og kjarabaráttunni.

Ekki má heldur líta fram hjá þeim áhrifum sem kvennafrið hefur haft á erlenda jafnréttisbaráttu. Kvennafrið er löngum talið sem einn af helstu áföngum í kvenfrelsisbaráttu Vesturlanda á 20. öldinni. Í upphafi árs 2017 birti breska dagblaðið *The Guardian* grein þar sem fjallað var um sex mótmæli kvenna sem hafa breytt mannkynssögunni, og eru íslensku kvennafriðsmótmælin á þeim lista ásamt kröfugöngu kvenna til Versalahöll í Frakklandi 1789, skrúðgöngu súffragetta í Washington DC 1913, kröfuganga kvenna á Pretoríu í Suður-Afríku 1956, mótmæli kvenna gegn fyrirhuguðu þungunarrofsbanni í Póllandi 2016 og mótmæli argentínskra kvenna gegn ofbeldi 2016 (*TheGuardian.com*, „How these six women's protests changed history“, 21.01.2017).

Erlendir aðgerðarsinnar hafa tekið íslenska kvennafrið sér til fyrirmyndar í starfi sínu. Pólsk kvennasamtök litu til íslenska kvennafrisins þegar þau skipulögðu fjöldamótmæli þann 3. október 2016 gegn áætlunum ríkisstjórnar Póllands til að banna þungunarrof með öllu. Íslenska kvennafrið var ítrekað kynnt sem fyrirmynd að mótmælunum og pólskir aðgerðarsinnar tóku myndbönd af íslenskum konum sem hvöttu pólskar konur til aðgerða. 7. nóvember 2016 voru svo konur í Frakklandi hvattar til að ganga út af vinnustöðum sínum kl. 16:34 til að mótmæla kynbundinn launamun, og visuðu aðstandendur þeirra mótmæla til íslenska kvennafrisins sem fyrirmynd að aðgerðum sínum.

KVENNAFRÍ 2020?

Ef aftur verður boðað til samstöðufundar í Reykjavík er mikilvægt að tryggja aðgengi fatlaðra að sviðinu, sem og að tryggja aðgengi heyrnarlausra og heyrnarkertra að dagskrá fundarins með því að hafa táknmálstúlk uppi á sviði.

Standa þarf betur að kynningu kvennafridagsins á erlendum tungumálum, sérstaklega á ensku. Bæði er þetta til þess að ná betur til kvenna á Íslandi sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, en einnig til þess að auka gæði upplýsinga sem birtast um íslenskan vinnumarkað og íslenska kvenna- og kjarabaráttu í erlendum fjölmiðlum. Gott væri ef aðstandendur kvennafrís væru búnir að undirbúa kynningarefni um stöðu kvenna á íslenskum vinnumarkaði sem hægt væri að dreifa út til blaðamanna til frekari upplýsingar, upplýsingar um tengiliði vegna frekari fyrirspurnar, ásamt stöðugum uppfærslum á ensku frá fundinum sjálfum, s.s. á Twitter. Þá er mikilvægt að í allri orðræðu sé lagt áherslu á að baráttan sé fyrir konur á Íslandi en ekki eingöngu íslenskar konur.

Twitter var sá samfélagsmiðill þar sem erlendir fjölmiðlar sóttu helst upplýsingar. Til að mynda var stuttu myndbandi eins fundargests á Twitter undir yfyrskriftinni „Women in Iceland come together

to fight for equality, shouting OUT #kvennafrí #womensrights" deilt 5000 sinnum og fjölmargir erlendir fjölmiðlar óskuðu eftir frekari upplýsingum til viðkomandi. Sambærilega sögu má segja af öðrum fundargestum sem skrifuðu á ensku um fundinn og birtu myndir.

Í aðdraganda Kvennafrís 2016 var keypt lénið www.kvennafris.is, og tryggt svæði á samfélagsmiðlum, Facebook, Twitter, Snapchat og Instagram, undir merki kvennafrísins. Þessi vefköng eru í eigu íslenskra kvenna. Kvenréttindafélag Íslands varðveitir aðgang að þessum vefköngum fyrir skipuleggjendur næsta kvennafrís, hverjir svo sem þeir kunni að vera.

Vinnuhópur telur kjörið að boða aftur til kvennafrís 2020, þegar 45 ár verða liðin frá fyrsta kvennafríinu. Að boða til verkfalls og halda baráttufundi á kvennafrídegi hefur reynst áhrifamikil leið til að vekja athygli á kynbundnum launamun og kjaramisrétti kynjanna, bæði hér á landi og erlendis. Samstöðukraftur er meðal kvenna á Íslandi til að berjast fyrir jafnrétti, og samtök kvenna og samtök launafólks ættu bæði að hlúa að þessum krafti og beita honum markvisst til að bæta samfélag okkar og jafna kjör kynjanna.

20



Mynd: Lárus Karl Ingason